

BAKSPUNI AÐ HÆTTI ATVINNUMANNA

Algengasta spurning í sambandi við bakspuna í golfi er:
Hvernig fær maður það mikinn bakspuna að boltinn lendi á flötinni og komi til baka – eins og maður sér hjá atvinnukylfingum í sjónvarpinu?

HÉR HAFU 5 ÞÆTTIR ALLT AÐ SEGJA:

1

Flái kylfunnar

Eftir því sem flái kylfunnar er meiri, þeim um meiri bakspuni kemur á boltann. Þeir sem styttra eru komnir nota oftast nær PW í innáhöggum vegna þess að þeir treysta ekki sandjámínu í þessi högg. Þetta minnkar bakspuna boltans. Þeir sem vilja sem mestan spuna í innáhöggum geta því einnig notað LW.

AU-0704-41-04



2

Kylfuhraði

Ef Tiger Woods slær með sínum PW 140 metra á flöt meðan áhugamaður slær 90 metra á flöt þarf engan sérfræðing til þess að sjá að Tiger fengi mun meiri spuna á sinn bolta en áhugamaðurinn með sömu kylfu vegna hraðans á kylfuháusnum.

AU-0704-41-05



3

Grip kylfublaðs við golfbolta

Gott dæmi er þegar snóker er leikinn, þegar maður reynir að sneiða kúluna án þess að kríta kjuðinn fyrst en þá rennur kjuðinn án þess að snúningur náist á kúluna. Á sama hátt ná háförgjafarkylfingar ekki bakspuna á golfboltann vegna þess að of mikið gras lendir á milli kylfublaðs og kúlunnar í högginu. Sama gerist þegar lágförgjafarleikmenn slá úr háu grasi. Ekki er einungis hægt að kenna slæmri snertingu kylfublaðs háförgjafarkylfinga við boltann um vegna þess að brautimar sem þeir leika á eru slegnar svipað hátt og semi-röfíð á amerísku mótaröðinni. Þannig að aðstæður í áhugamannagolfi á Íslandi eru ekki eins góðar og best þekktist erlendis. Bakspuni boltans minnkar einnig þeim um harðara sem ysta lag boltans er. Þar hafa atvinnukylfingar yfirhöndina vegna þess að þeir nota bolta með mýkri húð (balata) en algengast er að áhugamenn noti harðari bolta (two piece). Einnig hafa rákimar á kylfuháusnum sitt að segja um bakspuna en þær eru staðlaðar og því allir undir sama hatti þar hvort sem um áhugamann eða atvinnumann er að ræða.

AU-0704-41-02



4

Innkoma kylfunnar á boltann

Þeim mun brattar sem kylfan kemur niður á boltann þeim mun meiri verður spuninn. Brött innkoma kylfunnar eykur aðeins spunann ef flái kylfunnar helst óbreyttur í höggstöðu.

AU-0704-41-03



5

Gæði flata

Til að boltinn haldi vel á flötinni má flötin ekki vera of hörð og ekki of mjúk (ath., hört). Að flötin sé mjög hörð hjálpar einnig mikið til ef boltinn á að koma mikið til baka. Þetta eru daglegar aðstæður atvinnumanna sem spila

AU-0704-41-06



Gangi ykkur sem allra best og vonandi eruð þið einhverju nær um bakspuna. Við tökum alltaf vel á móti ykkur. Kveðja, golfkennarar Pro Golf

